

Tilkynning frá Kaþólsku kirkjunni á Íslandi

Biskup Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi hefur í dag, 5. nóvember 2012, skipað Eirík Elís Þorláksson, hrl. og sérfræðing við lagadeild Háskólans í Reykjavík, April Frigge mannfræðing og Skúla Guðmundsson lögfræðing til að veita forstöðu nýju fagráði Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Hefur Eiríki verið falið að gegna formennsku í ráðinu.

Hlutverk og markmið fagráðsins er eftirfarandi:

a. Að veita álit um bótarétt polenda kynferðisofbeldis eða annars ofbeldis innan Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi í ljósi nýkynntrar skýrslu rannsóknarnefndar Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.

b. Að leggja fram tillögur vegna sömu skýrslu um með hvaða hætti Kaþólska kirkjan á Íslandi geti gert úrbætur í ljósi ábendinga og tillagna rannsóknarnefndarinnar um breytingar á starfsháttum kirkjunnar ef upp koma áskanir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot. Einnig að koma með aðrar tillögur að forvörnum og öðrum úrbótum ef ástæða þykir til.

Hefur biskup óskað eftir því að fagráðið taki þegar til starfa og skili niðurstöðum eigi síðar en 1. júní 2013.

Þá mun Kaþólska kirkjan á Íslandi setja á laggirnar ráð til að taka á mótí ábendingum og tilkynningum ef upp koma áskanir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot innan Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi í framtíðinni.

Pétur Bürcher, biskup

Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.